



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík

Búðardal, 14. september 2021
Mál nr. 157/2021

Efni: Umsögn sveitarfélagsins Dalabyggðar um skilgreiningu opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis.

Vísað til máls nr. 157/2021 um skilgreiningu opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis sem birt var í Samráðsgátt stjórnvalda þann 19. ágúst 2021.



Sveitarfélagið Dalabyggð vill byrja á því að fagna því að skilgreina eigi þá opinberu grunnþjónustu sem til staðar á að vera í byggðarlögum landsins en vill áréttta nokkur atriði.

Skilgreining á grunnþjónustu og svæðum má ekki verða til þess að þjónusta skerðist á nokkurn hátt miðað við svæðaskiptingu sem lagt er upp með s.s. á þeim svæðum sem hafa í dag meiri þjónustu en miðað er við í stigskiptingu þjónustunnar.

Þegar miða á við núverandi þjónustu, notkun og tíðni þarf að hafa í huga þá þætti sem eru ekki í góðum málum í dag, þ.e. ekki er hægt að alhæfa um að mikilvægi tengist núverandi þjónustu, notkun eða tíðni.

Stafrænar lausnir eru góð viðbót við almenna opinbera grunnþjónustu, gæta þarf þó að því að önnur þjónusta eða staðþjónusta skerðist ekki umfram mikilvægi hennar þó til stafrænnar þjónustu komi.

Þá segir í drögum: „Fólk er tilbúið til að fara um mismunandi langan veg til að sækja þjónustu.“ (bls.6) Hérna má einnig taka tillit til víðfemra sveitarfélaga þar sem íbúar þurfa nú þegar að ferðast 40-60 km frá heimili til að komast í sinn næsta þjónustukjarna. Því er ekki hægt að miða vegalegndir fyrir þjónustuþega eingögnu við fjarlægðir milli þjónustukjarna.

Kristján Sturluson
Sveitarstjóri Dalabyggðar